



ÍSLENSK VERÐBRÉF

— síðan 1987 —

## Reglur um aðskilnað starfssviða

### 1. Almenn atriði

#### *Tilgangur*

- 1.1. Tilgangur reglna um aðskilnað starfssviða er að draga úr hættu á að hagsmunaárekstrar komi upp í starfsemi Íslenskra verðbréfa hf. („ÍV“ eða „félagið“) á samstæðugrunni og koma í veg fyrir að trúnaðar- og innherjaupplýsingar berist á milli einstakra starfssviða innan félagsins og/eða dótturfélaga.

#### *Grundvöllur*

- 1.2. Reglurnar eru settar á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, sem og reglna eða gerða sem lög 115/2021 veita lagagildi eða eru settar á grundvelli þeirra, s.s. framseldrar reglugerðar ESB nr. 2017/565, sbr. einnig innri reglur félagsins um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum. Þá er horft til leiðbeinandi tilmæla FME nr. 4/2014 um aðskilnað starfssviða.

#### *Gildissvið*

- 1.3. Reglur þessar gilda um alla starfsemi félagsins og dótturfélaga eftir því sem við á og þá sem taka að sér verk fyrir hönd þess. Reglurnar fjalla eftir atvikum um aðskilnað milli félaga í samstæðu félagsins.

### 2. Almenn um aðskilnað starfssviða

- 2.1. Einstök starfssvið félagsins skulu aðskilin *stjórnunarlega, afkomulega og upplýsingateknilega* í samræmi við reglur þessar. Aðskilnaður starfssviða innan félagsins skal jöfnum höndum fela í sér *áþreifanlegan* aðskilnað og *hegðunartengdan* aðskilnað. Að öðru leyti skal aðskilnaður starfssviða félagsins vera með þeim hætti að reglur þessar þjóni tilgangi sínum.

- 2.1.1. Með áþreifanlegum aðskilnaði starfssviða er t.d. átt við aðgangstakmarkanir í húsnæði, aðskilnaði í tölvukerfum, aðgangsstýringu upplýsingakerfa og aðgangstakmörkun gagna.

- 2.1.2. Hegðunartengdur aðskilnaður felur m.a. í sér að tiltekin starfssvið séu aðskilin í stjórnun, afkomu og samskiptum, og að ÍV tryggi viðeigandi merkingu trúnaðargagna og læsingu tölva sem eru ekki í notkun.

- 2.1.3. Stjórnunarlegur aðskilnaður felur í sér að sérstakur yfirmaður stjórnar og beri ábyrgð á hverju starfssviði fyrir sig.

- 2.1.4. Með afkomulegum aðskilnaði er átt við að haldið sé kostnaðarbókhald innan félagsins þar sem tekjum og gjöldum er skipt á milli einstakra starfssviða félagsins með tilliti til uppruna tekna og gjalda.

- 2.1.5. Upplýsingalegur aðskilnaður er fyrir hendi þegar starfsfólk einstakra starfssviða hefur ekki aðgang að rafrænum gögnum annarra starfssviða.

Aðgangur að upplýsingakerfum félagsins skal aðgangsstýrður þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að upplýsingakerfum einstakra starfssviða.

- 2.2. Aðskilnaði skal haga á þann veg að starfsfólk hvers sviðs um sig fái ekki óviðkomandi upplýsingar án fyrirhafnar.
- 2.3. Hægt er að gera sérstakar kröfur um aukinn aðskilnað eða veita undanþágur frá aðskilnaði eftir því sem nánar er mælt fyrir um í reglum þessum.

### 3. Umgengni og samskipti

- 3.1. Starfsfólk einstakra sviða félagsins skal ekki hafa aðgang að trúnaðar- eða innherjaupplýsingum er varða verkefni annarra sviða sem aðskilja á frá þeirra eigin samkvæmt reglum þessum.
- 3.2. Starfsfólk skal gera forsvaranlegar ráðstafanir til að tryggja að viðkvæmar upplýsingar berist ekki á milli aðskilinna starfssviða og að slíkar upplýsingar berist að jafnaði ekki út fyrir viðkomandi starfssvið.
  - 3.2.1. Þegar starfsfólk aðskilinna starfssviða á samskipti sín á milli skal það jafnan nota tölvupóst, síma eða sameiginleg fundarherbergi.
  - 3.2.2. Starfsfólki ber að beita viðeigandi varkárni við meðferð upplýsinga, t.d. með því að læsa tölvum þegar farið er frá þeim og merkja viðkvæm skjöl sem trúnaðargögn.
  - 3.2.3. Gæta skal þess á fundum starfsfólks þvert á starfssvið að miðla ekki upplýsingum sem leynt skulu fara.
  - 3.2.4. Þess skal gætt við öll tækifæri þar sem starfsfólk kemur saman, t.d. á samráðsfundum, skemmtunum og í hádegishléum, að viðkvæmar upplýsingar berist ekki á milli starfssviða.
- 3.3. Húsnæði félagsins skal aðgangsstýrt með þeim hætti að aðgangur starfsfólks sé almennt takmarkaður við það vinnurými sem viðkomandi starfar hjá.
  - 3.3.1. Starfsemi einstakra aðskilinna starfssviða félagsins skal fara fram í aðgreindum vinnurýmum, þannig að starfsfólk annarra sviða heyri ekki orðaskil eða hafi sýn á þau verkefni sem unnið er að hverju sinni.
  - 3.3.2. Komi til þess að starfsfólk þurfi að fari inn á vinnurými annars starfssviðs, sem skal vera aðskilið þeirra eigin starfssviði, skal gera starfsfólki þess viðvart svo fjarlægja megi trúnaðargögn.
  - 3.3.3. Starfsfólk í opnu vinnurými skal sýna sérstaka aðgát við störf sín með tilliti til hagsmunaárekstra og nýta fundarherbergi til að ræða viðkvæm málefni, ganga frá gögnum og stilla tölvuskjái svo óviðkomandi sjái ekki á þá.
- 3.4. Tryggja skal eftir fremsta megni að mögulegt sé að leysa allt starfsfólk af í forföllum með starfsfólki sem starfar innan sama starfssviðs.
- 3.5. Starfsfólk skal ekki leysa af verkefni utan síns starfssviðs nema að það sé óhjákvæmilegt, fyrir fram samþykkt af forstjóra ÍV eða framkvæmdastjóra dótturfélags og afmarkað í tíma.
  - 3.5.1. Við slíkar aðstæður skal gera sérstakar og viðeigandi ráðstafanir til að stýra hættu á hagsmunaárekstrum og draga úr hættu á misnotkun trúnaðarupplýsinga. Beita skal umræddri heimild af mikilli varfærni.
  - 3.5.2. Forstjóri ÍV eða framkvæmdastjóri dótturfélags skráir upplýsingar um verkefni viðkomandi starfsfólks á öðru starfssviði, hvenær þau voru unnin,

hver sinni þeim, ástæður þess að starfsfólk starfar á öðru starfssviði og hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til að takmarka hættu á að viðkvæmar upplýsingar berist á milli starfssviða.

- 3.6. Starfsfólk skal undantekningarlaust tilkynna forstöðumanni síns sviðs ef það verður vart við mögulega hagsmunaárekstra í tengslum við aðskilnað starfssviða, t.d. þegar starfsfólk er flutt á milli starfssviða eða þegar starfsfólk vinnur tímabundið verkefni utan síns starfssviðs. Forstöðumaður hvers sviðs heldur skrá um slíka hagsmunaárekstra og hagsmunaárekstragreiningar eftir því sem við á hverju sinni eftir umfangi og alvarleika álitafna. Framkvæmdastjóri og forstöðumenn skulu hafa samráð við regluvörð um veigameiri mál.

#### **4. Aðskilnaður einstakra starfssviða**

- 4.1. Til að tryggja að starfsfólk félagsins og dótturfélaga gæti fyllstu óhlutdrægni í störfum sínum og til að takmarka hættu á hagsmunaárekstrum í starfsemi félagsins skulu eftirfarandi svið aðskilin í samræmi við reglur þessar:

- a) Sérhæfðar fjárfestingar.
- b) Fyrirtækjaráðgjöf.
- c) Miðlun.

Þá skal aðskilja starfsemi ÍV sjóða hf. frá starfsemi ÍV. Innan ÍV sjóða skulu eftirfarandi svið aðskilin með sama hætti:

- d) Sérgreind eignastýring.
  - e) Stýring sjóða (sem starfa í samræmi við lög nr. 45/2020 og 116/2021).
- 4.2. Forstöðumenn stýra hverju sviði og bera þeir ábyrgð á fullnægjandi aðskilnaði í samræmi við reglur þessar. Sami forstöðumaður getur ekki farið með daglega stjórn tveggja starfssviða þar sem þörf er á nauðsynlegum aðskilnaði. Forstöðumaður getur þó, í einstaka tilvikum, haft yfirsýn yfir starfsemi og upplýsingar aðskilinna starfssviða en skal sýna sérstaka aðgát í störfum sínum. Forstöðumaður er þá háður sömu takmörkunum og starfsfólk viðkomandi sviðs varðandi notkun þeirra upplýsinga sem veittur er aðgangur að.
- 4.3. Forstjóri ÍV og framkvæmdastjóri dótturfélags getur haft yfirsýn yfir starfsemi og upplýsingar aðskilinna starfssviða en skal sýna sérstaka aðgát í störfum sínum. Forstjóri ÍV og framkvæmdastjóri dótturfélags er háður sömu takmörkunum og starfsfólk viðkomandi sviða varðandi notkun þeirra upplýsinga sem veittur er aðgangur að.
- 4.4. Komi til þess að svið sé tímabundið án forstöðumanns skal forstjóri ÍV eða framkvæmdastjóri dótturfélags stýra daglegri starfsemi þess og bera ábyrgð á aðskilnaði.

##### *Stoðdeildir og eftirlitseiningar*

- 4.5. Aðrar einingar, þ.e. lögfræðisvið, áhættustýring, regluvarsla og innri endurskoðun, sinna verkefnum þvert á félagið og skulu gæta sérstakrar árvekni við að tryggja að reglur þessar nái tilgangi sínum við meðferð gagna og upplýsinga sem meðhöndlaðar eru.
- 4.6. Eftirlitseiningar innan félagsins skulu ávallt hafa aðgang að þeim upplýsingum sem nauðsynlegt er til að sinna eftirlitsstarfsemi.
- 4.7. Starfsfólk stoðeilda skal sýna aðgát í störfum sínum við meðferð viðkvæmra upplýsinga.

---

## 5. Eftirlit og regluvarsla

- 5.1. Regluvörður hefur eftirlit með að reglum þessum sé framfylgt og sér til þess að reglurnar séu endurskoðaðar og uppfærðar með reglulegum hætti til að tryggja áreiðanleika og virkni þeirra.
- 5.2. Regluvörður skal sjá til þess að starfsfólk ÍV og dótturfélaga sé frætt um skyldur samkvæmt reglum þessum og fái afhent eintak af þeim.
- 5.3. Framkvæmd reglna þessara skal tekin út með reglubundnum hætti til að tryggja áreiðanleika og virkni þeirra.
- 5.4. Regluvörður hefur heimild til að gera athugasemd við starfshætti starfsfólks ef við á. Brot á lögum eða reglum þessum geta varðað áminningu eða brottvikningu úr starfi, auk þess sem refsiverð háttsemi kann að verða tilkynnt til yfirvalda.

## 6. Gildistaka

- 6.1. Breytingar á reglum þessum verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn félagsins hefur samþykkt þær.

Samþykkt af stjórn Íslenskra verðbréfa hf., 27. mars 2024